



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. nóvember 2023

Efni: Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, 234.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) komu á fund allsherjar- og menntamálanefndar þann 24. nóvember síðastliðinn til þess að gera grein fyrir umsögn sinni dags. 24. nóvember og afstöðu til ofangreinds þingmáls nr. 234. Samtökin fagna einlægum áhuga nefndarinnar á málefninu. Í fyrri umsögn samtakanna var þingsályktunartillögunni fagnað og hún sögð fela í sér ákveðin tímamót fyrir íslenskt atvinnulíf. SI hafa um árabíl bent á mikilvægi þess að stjórnvöld leggi áherslu á eflingu hugverkaiðnaðar þar sem fjárfesting í nýsköpun og vöxtur hugverkaiðnaðar mun skipta sköpum fyrir framtíðarlífskjör á Íslandi bæði með auknum útflutningi og með því að draga úr sveiflum í íslensku hagkerfi.

SI vilja með þessari viðbótarumsögn áréttta að þau telji mikilvægt að aðgerðir stjórnvalda í menntamálum nái til allra skólastiga. Of lítil áhersla hefur verið á framhaldsfræðslu. Samtökin kalla eftir að þekkingarsamfélagið tryggji „**nám alla ævi**“.

Að mati samtakanna þurfa stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags hér á landi að skila því að mannauður á Íslandi sé samkeppnishæfur á við það sem best gerist á alþjóðavísu. Aðgerðirnar þurfa að tryggja að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt. Byggja þarf á hagnýtingu færnisþáa, atvinnustefnu og markvissu þróunarstarfi. Menntakerfið ræktar þekkingu, leikni og hæfni einstaklinga og styður þannig við efnahagslega velmegun og lífsgæði á Íslandi.

Ísland sem þekkingarsamfélag þarf að ná til allra skólastiga þ.e. allt frá leikskóla til sí- og endurmenntunar. Tækifæri er nú til að efla sí- og endurmenntun á landsbyggðinni. Þörfin er mun meiri í dag en hún hefur verið síðustu ár.

Fræðslusjóður atvinnulífsins hefur einn milljarð til úthlutunar í ár til 11 símenntunarmiðstöðva út um allt land. Skiptist úthlutunin niður á almennar námsleiðir, námsráðgjöf og raunfærnimat. Þetta fjármagn nær ekki að mæta þeirri þörf sem er hjá sí- og endurmenntunarmiðstöðvum. Markhópur símenntunarmiðstöðva hefur vaxið mikið síðustu ár. Náms- og starfsráðgjöf ásamt starfsþróun er mjög mikilvæg þeim hópi á vinnumarkaði sem er einungis með grunnmenntun. Símenntunarmiðstöðvar eða þekkingarsetur geta með auknu fjármagni auðveldlega útvíkkað hlutverk sitt og farið í samstarf með háskólum út um allt land til að mæta ofangreindri þörf.

Háskólamenntuðum landsmönnum á aldrinum 25–64 ára hefur fjölgað um rúm 16 prósentustig frá árinu 2003 en tæp 43% íbúa í þessum aldurshópi höfðu lokið háskólamenntun árið 2022, alls 84.700. Á sama tíma fækkaði þeim sem eingöngu höfðu lokið grunnmenntun um rúmlega 13 prósentustig og voru þeir um 43.200 árið 2022, tæplega 22% íbúa á aldrinum 25–64 ára. Hægari breytingar voru á



fjölda þeirra sem mest höfðu lokið menntun á framhaldsskóla- og viðbótarstigi en fjöldinn hefur verið á bilinu 35–39% íbúa á aldrinum 25–64 ára frá árinu 2003.¹

Tækifærin fyrir fagháskólastig eru gríðarleg

SI vilja einnig koma á framfæri mikilvægi þess að atvinnulíf, stjórnvöld og menntastofnanir vinni áfram að því að efla fagháskólastigi með atvinnutengdu lokamarkmið. Íslenskt menntakerfi verður að vera sveigjanlegt enda skapa þær öru samfélagsbreytingar sem nú eiga sér stað stöðuga þörf fyrir endurnýjun þekkingar í atvinnulífinu. Lausnin liggur oft í styttri og sérhæfðari námsleiðum eins og fagháskólastigi var ætlað að auka framboð á. Skýr og skilmerkilegur lagalegur rammi um örnám í gegnum fagháskólastig gefur einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína og fá hana viðurkennda, m.a. með því að háskólar bjóði upp á starfstengt fagháskólanám sem mætir þörfum nemenda og atvinnulífs.

A handwritten signature in blue ink that reads 'Hilda B. Kjærnested Baldursdóttir'.

Hilda Birna Kjærnested Baldursdóttir

Verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

¹ [Menntunarstaða 2022 - Hagstofa Íslands](#)